

Skilmálar nr. 357

Launatrygging Félags lykilmanna (FLM) er hóptrygging sem tekur til skráðra félagsmanna á hverjum tíma og greiðir bætur verði váttryggður þátttakandi fyrir tekjutapi af völdum slyss eða sjúkdóms samkvæmt nánari skilgreiningu í skilmálunum. Um váttrygginguna gilda hópváttryggingarsamningur, skilmálar þessir og Almennir skilmálar félagsins nr. 001.

Váttryggðir eru félagsmenn í Félagi lykilmanna.

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum. Bótaréttur fellur þó niður ef váttryggður býr og stundar atvinnu erlendis lengur en 6 mánuði í senn.

2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir dagpeninga ef váttryggður verður óvinnufær af völdum sjúkdóms eða slyss og launatekjur hans falla niður. Með orðinu “óvinnufærni” er átt við, að váttryggður hafi misst starfsorku sína þannig að honum er ókleift að vinna störf sín. Að auki greiðir váttryggingin dagpeninga vegna ólaunaðrar fjarveru váttryggðs af völdum alvarlegs sjúkdóms eða slyss barns hans undir 16 ára aldri.

Hafi váttryggður ekki verið vinnufær óslitið á síðustu 3 mánuðum áður en hann gengur í hópinn greiðast engir dagpeningar vegna sjúkdóms á fyrstu 24 mánuðunum frá upphafi hópaðildar hans.

3. gr. Undanþágur

Váttryggingin bætir ekki tjón af völdum:

- Slysa sem verða í hvers konar aksturslípróttum og bardagaípróttum, fjallaklifri, klettaklifri, bjargsigi, froskköfun, drekaflugi, svifflugi, fallhlífarstökki, þyrsluskiðaiðkun og/eða ípróttum sem eru sambærilegar og eðlisskyldar.
- Slysa er váttryggður verður fyrir í handalögmálum við þátttöku eða refsiverðum verknaði, nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins.
- Sjúkdóma váttryggðs er rekja má til neyslu áfengis, deyfi- eða eiturlyfja nema að sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og sjúkdómsins.
- Slysa eða sjúkdóma sem verða vegna ljósbaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss eða sjúkdóms.
- Slysa vegna eitraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja váttryggðs
- Slysa sem hljótast af notkun skráningarskyldra vélknúinna ökutækja og eru bótaskyld skv. lögboðinni ökutækjatrýggingu, hvort heldur ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu ökumanns og eiganda samkvæmt umferðarlögum.
- Slysa og sjúkdóma barna ef hinn váttryggði á rétt á fæðingarorlofsgreiðslum vegna barnsins.
- Starfsorkumissis sem kona verður fyrir á meðgöngutíma, við fæðingu eða fósturláts nema því aðeins að missir starfsorkunnar sé af völdum fylgikvilla.
- Sjúkdóma eða slysa sem hinn váttryggði vissi eða mátti vita að hann var haldin, eða hafði hent, áður en hann gekk inn í Félagi lykilmanna.
- Sjúkdóma eða slysa sem fyrst sýndi einkenni, eða henti, á tímabili þegar váttryggingin var úr gildi. Sama gildir um versnandi heilsufarsástæður sem rekja má til þess tímabils er váttryggingin var úr gildi.

4. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Bætur eru greiddar vegna bótaskylds sjúkdóms eða slyss að loknum 90 daga biðtíma frá upphafi sjúkratímabils þar til váttryggður hefur endurheimt starfsorku sína að fullu eða að hámarki í 275 daga. Sjúkratímabil er það tímabil þegar stöðugur missir starfsorku er fyrir hendi af völdum slyss eða sjúkdóms, hvort sem einn sjúkdómur eða fleiri liggja til grundvallar missi starfsorkunnar. Bætur fyrir tímabil þegar um einangrun í sóttkví er að ræða á heimili eða á sjúkrahúsi, að fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda, greiðast á sama hátt og við sjúkdóma.

Stafi starfsorkumissir váttryggðs vegna slyss að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu, lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar. Félagið ákveður hve mikill starfsorkumissirinn hefur verið og varanleika hans á grundvelli nauðsynlegra læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja. Bætur eru ekki greiddar samtímis fyrir starfsorkumissi af völdum slyss og sjúkdóms.

Dagpeningar eru 80% af meðal mánaðarlaunum váttryggðs síðustu 12 mánuði fyrir tjónsatburð. Tekið skal tillit til þess við ákvörðun meðallauna ef starfshlutfall váttryggðs hefur breyst á þessum 12 mánuðum. Meðallaun teljast heildarlaun sem mynda stofn til greiðslu iðgjalds í lífeyrissjóð en þó aldrei hærri en reikna má af greiddum iðgjöldum. Hámarksfjárhæð greiddra bóta vegna tímabundins missis starfsorku er kr. 2.000.000 á mánuði og miðast sú fjárhæð við gildandi launavísitölu þegar hún var 431,7 stig fyrir mars 2012. Hámarksbætur vegna tímabundins missis starforku eru uppfærðar við hverja árlega endurnýjun váttryggingarinnar í hlutfalli við breytingu á launavísitölu. Við bótauppgjör ber hinum váttryggða að framvísa launaseðlum undanfarinna 12 mánaða fyrir slysdag/upphaf sjúkratímabils til váttryggjanda auk yfirlits staðgreiðsluskrár Ríkisskattstjóra. Verði váttryggður óvinnufær að hluta greiðast dagpeningar sem 80% af þeim launum sem falla niður, þó aldrei lengur en í 275 daga.

Bætur vegna ólaunaðrar fjarveru váttryggðs vegna veikinda barns eru greiddar að loknum 30 daga biðtíma frá slysdagi eða upphafi sjúkratímabils þar til barnið hefur náð bata eða að hámarki í 180 daga. Þótt fjarvera váttryggðs, sem á rót að rekja til sama slyss eða sjúkdóms barns, sé ekki samfelld greiðast bætur í allt að 180 daga en þó aldrei fyrir tímabil eftir að 1 ár er liðið frá slysdagi eða upphafi sjúkratímabils.

Hver félagsmaður getur að hámarki fengið greidda dagpeninga í 24 mánuði á hverju 10 ára tímabili að frádregnum biðtíma, þar með talið vegna barns.

5. gr. Sérregla um upphaf og lok ábyrgðar félagsins

Ábyrgð félagsins gagnvart þátttakanda í hópi hefst kl. 00:00 daginn eftir að hann ritar undir skriflega inngöngubeiðni/upplýst samþykki um inngöngu í Félag lykilmanna og fer á félagaskrá þess. Váttryggingin fellur niður gagnvart váttryggðum 14 dögum eftir að váttryggingartaka berst úrsögn váttryggðs úr FLM.

6. gr. Sérregla um iðgjaldsgreiðslur

Váttryggingartaki skal greiða iðgjald váttryggingarinnar til félagsins í samræmi við samning um váttrygginguna og gildandi iðgjaldaskrá á hverjum tíma.

Váttryggingartaki innheimtir mánaðarlegt gjald af launum váttryggðra félagsmanna til þess að standa undir iðgjaldi tryggingarinnar. Verði vanskil á greiðslu váttryggðs í 60 daga skal váttryggingartaki senda honum skriflega áskorun þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Berist greiðsla ekki innan þess frests fellur ábyrgð félagsins gagnvart þeim félagsmanni niður til samræmis við 96. og 131. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Hafi vinnuveitandi váttryggðs félagsmanns sannanlega haldið iðgjaldi eftir af launum hans án þess að standa skil á þeim til váttryggingartaka heldur félagsmaður þó réttindum sínum á meðan innheimtuaðgerðir standa yfir. Hafi innheimtuaðgerðir vegna vanskila vinnuveitanda félagsmanns ekki borið árangur innan 60 daga frá því þær hófust skal váttryggingartaki sannanlega tilkynna félagsmanni um að aðild hans að váttryggingunni falli niður að 30 dögum liðnum standi launagreiðandi ekki skil á iðgjöldum til váttryggingartaka innan þess tíma.

7. gr. Sérregla um lok váttryggingar

Hyggist félagið ekki endurnýja váttrygginguna skal tilkynna váttryggingartaka það í síðasta lagi þremur mánuðum áður en váttryggingartímabilinu lýkur.

Félaginu er heimilt að segja upp váttryggingunni gagnvart váttryggingartaka eða einstökum váttryggðum þátttakanda í þeim tilvikum sem greinir í 6. gr. almennra skilmála félagsins. Ef til uppsagnar kemur gagnvart einstökum þátttakanda skal váttryggingartaki tilkynna honum sannanlega um niðurfellingu váttryggingaverndar í samræmi við nánari fyrirmæli félagsins. Félaginu er jafnframt heimilt að senda slíka tilkynningu til þátttakanda svo jafngilt sé, enda sé váttryggingartaka tilkynnt um það.

Váttrygging þessi veitir ekki rétt til framhaldstryggingar af neinu tagi.

8. gr. Aldursmörk

Váttryggingin fellur úr gildi í lok þess váttryggingarárs sem váttryggður nær 66 ára aldri. Váttryggingin tekur ekki til einstaklinga yngri en 18 ára. Hámarksaldur við inngöngu í trygginguna er 64 ár.

Skilmálar þessir gilda frá 01. maí. 2020 og koma í stað eldri skilmála sem giltu frá 1. júní 2015.